

4. gr.

Náttúruverndarráð er skipað sjö mönnum. Sex þeirra kýs Náttúruverndarþing óbundinni kosningu, að undanskildum fulltrúum í 6. lið 2. gr. Hinn sjöunda skipar menntamálaráðherra, áður en kosning fer fram, og er hann formaður ráðsins. Varamenn skulu valdir jafnmargir á sama hátt til sama tíma.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 4. gr. laga nr. 47/1971 um náttúruvernd og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 156/1984 um Náttúruverndarþing.

Menntamálaráðuneytið, 28. september 1987.

Birgir Ísl. Gunnarsson.

Pórunn Hafstein.

REGLUGERÐ

um nám kennara sem fullnægja ekki skilyrðum laga nr. 48/1986 um lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum grunnskólakennara, framhaldsskólakennara og skólastjóra.

1. gr.

Peir sem að loknu skólaárinu 1986-1987 höfðu starfað sem settir kennarar sex ár eða lengur en fullnægja ekki skilyrðum laga um lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum grunnskólakennara, framhaldsskólakennara og skólastjóra nr. 48/1986 skulu eiga kost á námi við Kennaraháskóla Íslands eða Háskóla Íslands til að öðlast slík réttindi. Þessi réttur er óháður því hvert stöðuhlutfall viðkomandi kennara hefur verið.

2. gr.

Peir sem fullnægja skilyrðum 1. gr. hafa rétt til að stunda reglulegt nám við Kennaraháskóla Íslands eða Háskóla Íslands og ljúka þaðan B.Ed. prófi (KHÍ) eða fullgildu prófi frá Háskóla Íslands.

3. gr.

Peir sem eiga rétt á námi við Háskóla Íslands skv. 1. gr. skulu í uppeldisgreinum stunda nám í félagsvísindadeild með öðrum nemendum í uppeldis- og kennslufræðum til kennsluréttinda, enda sé það skipulagt sem sumarnám og/eða með fjarkennslusniði. Í kennslugrein skulu þeir stunda nám í samráði við viðkomandi háskóladeild.

4. gr.

Námið í Kennaraháskóla Íslands skv. 1. gr. skal að jafnaði skipulagt sem sumarnám eða með fjarkennslusniði. Heimilt er að kalla kennara á námskeið að vetrinum ef nauðsynlegt er talið. Skal viðkomandi þá fá leyfi frá kennslustörfum þann tíma sem námskeiðið stendur án þess að dregið sé frá launum hans.

5. gr.

Námið í Kennaraháskólanum skal vera sem hér segir:

1. Peir sem hafa lokið háskólaprófi í kennslugrein grunnskóla skulu ljúka 30 eininga námi í uppeldisgreinum. Fá þeir þá réttindi skv. 4. gr., c-lið, í lögum nr. 48/1986. Einnig fá þeir réttindi í kennslugrein sinni í framhaldsskólum.

2. Þeir sem hafa lokið stúdentsprófi eða námi sem metið er jafngilt skulu ljúka 30 eininga námi í uppeldisgreinum, einni valgrein, 10 einingar, og 8 einingum í kjarnagreinum skólans, þar með taldar íslenska og stærðfræði.
3. Þeir sem hafa minna nám en að ofan greinir skulu ljúka 30 eininga námi í uppeldisgreinum, tveimur valgreinum, 10 einingar hvor, og 10 einingum í kjarnagreinum skólans, þar með taldar íslenska og stærðfræði.

6. gr.

Kennaraháskólinn ákveður upp á hvaða valgreinar verður boðið. Til að valgrein verði kennd þurfa minnst 8 nemendur að innritast í greinina.

7. gr.

Kennaraháskólinn ákveður, að höfðu samráði við menntamálaráðuneytið, hvenær og með hvaða hætti nám þetta fer fram.

8. gr.

Þeir sem hafa stundað nám, sambærilegt því sem þeim er gert að taka skv. reglugerð þessari, og lokið því formlega, eiga rétt á að fá það metið af viðkomandi skóla, þ.e. Kennaraháskóla Íslands eða Háskóla Íslands. Einnig eiga þátttekendur í náminu rétt á að taka stöðupróf í námsgrein sem þeim er gert að taka.

9. gr.

Þeir sem ljúka ofangreindu réttindanámi við Kennaraháskólann og fullnægja þeim kröfum sem gerðar eru skulu fá skírteini sem votti að þeir hafi lokið námi skv. nefndu bráðabirgðaákvæði og öðlast þar með starfsheitið grunnskólakennari og rétt til að hljóta skipun í kennarastöðu við grunnskóla. Þeir sem stunda nám í uppeldisgreinum til kennsluréttinda við Háskóla Íslands skv. þessari reglugerð fá vottorð um námslok í þeim greinum. Um vottorð í öðrum greinum sjá viðkomandi háskóladeildir.

10. gr.

Meðan settur kennari stundar þetta nám verður staða hans ekki auglýst. Það gildir þó aðeins í fimm ár frá og með 1. janúar 1988.

11. gr.

Menntamálaráðuneytið skipar nefnd til þess að vera Kennaraháskólanum og Háskólanum til ráðuneytis um vafaatriði sem upp kunna að koma. Í nefndinni skal vera einn frá Kennaraháskóla Íslands, einn frá Háskóla Íslands, tveir frá Bandalagi kennarafélaga og einn frá menntamálaráðuneytinu.

12. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. grein til bráðabirgða í lögum nr. 48/1986 um lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum grunnskólakennara, framhaldsskólakennara og skólustjóra, og öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 23. september 1987.

Birgir Ísl. Gunnarsson.

Knútur Hallsson.